

Fundargerð stjórnar BÍS 23/2010.

Skátamiðstöðin Hraunbæ 123, miðvikudaginn 1. desember 2010 kl. 17:30

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Hallfríður Helgadóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Margrét Vala Gylfadóttir, formaður fræðsluráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskrárráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Gestir undir lið 8:

Hrólfur Jónsson, mótisstjóri og Guðmundur Pálsson.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna
2. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.
3. Starfsyfirlit skrifstofu, alþjóðaráðs, mótisstjórnar Landsmóts skáta 2012, fundargerðir afmælisársnefndar, Úlfjótsvatnsráðs og fararstjórnar Jamboree 2011 lágu fyrir. Alþjóðaráð lagði fram til afgreiðslu beiðni um framhald á starfi verkefnahóps um hjálparstarf. Samþykkt.
4. Bréf frá Skátasambandi Reykjavíkur: Bréfið sem er svar við svarbréfi BÍS vegna samþykktar félagsforingjafundar SSR var lagt fram.
5. Heimsráðstefna WOSM: Lagt var fram til samþykktar bréf frá BÍS til Portúgalska bandalagsins þar sem lýst er yfir stuðningi BÍS við framboð Joao til heimsstjórnar WOSM. Samþykkt.
6. Laganefnd: JIB kynnti tillögur laganefndar. JA falið að semja greinargerð og senda tillögurnar ásamt greinargerð út til kynningar.
7. Félagsforingjafundur: Stefnt að 4 fundum þar sem megináherslan verður lögð á kynningu á því dagskrárefni og foringjahandbókum sem verið er að gefa út. Skrifstofu falið að undirbúa fundina.
8. Erindi frá mótisstjórn landsmóts skáta 2012: HJ og GP komu á fundinn og kynntu erindi frá mótisstjórn sem fjallar um að stjórn BÍS beiti sér fyrir því að samþykkt Skátapings um tímalengd mótsins verði endurskoðuð. Þetta er vegna þess að mótisstjórn óttast að mótsgjald 10 daga móts muni hamla þátttöku. Einnig kynntu þeir hugmynd að merki mótssins. Afgreiðslu erindis mótisstjórnar frestað til næsta fundar.
9. Erindi frá Heilbrigðisnefnd Alþingis: BÍS hefur borist beiðni um umsögn við frumvarp til laga um landlækni og lýðheilsustöð. BB og JA falið að ganga frá umsögn þar sem fram komi ósk um að lögð sé áhersla á lýðheilsu ungs fólks.
10. Námskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla: Menntamálaráðuneytið hefur á heimasíðu sinni opnað fyrir að þeir sem þessa óska geta sent inn athugasemdir við framangreindar námskrár. JA falið að biðja nokkra skáta að fara yfir þær út frá sjónarhorni skáta.
11. Nýársfundur BÍS: Vegna þátttöku stjórnarmanna í World Scout Conference er ákveðið að kanna möguleika þess að færa dagsetningu fundarins. BB og HS falið að undirbúa fundinn.
12. Önnur mál: Engin.
13. Umræðuefni: Starfsáætlun og fjárhagsáætlun: Farið var yfir drög að starfsáætlun 2011.

Fleira var ekki rætt

Fundi slitið kl. 20:05

Fundargerð ritaði JA.